



## 121. fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 25. nóvember 2015 kl.13.00 í Laugargerðisskóla.

Mætt voru; Ingveldur Guðmundsdóttir, formaður Raket Óskarsdóttir, varaformaður, Árni Hjörleifsson, Eyþór Garðarsson, Eggert Kjartansson, Guðveig Eyglóardóttir, Hafdís Bjarnadóttir, Valgarður Jónsson, Ása Helgadóttir, (varamaður Björgvins Helgasonar) Hilmar Hallvarðsson (varamaður Sifjar Matthíasdóttur). Kristín Björg Árnadóttir og Bjarki Þorsteinsson boðuðu forföll.

Einnig sátu fundinn Páll S Brynjarsson, Hrefna B Jónsdóttir er ritaði fundargerð og sérstakur gestur fundarins, Hallur Jónasson, sem er í starfsnámi hjá SSV í gegnum Háskólann á Bifröst.

### 1. Framlögð fundargerð frá 120 fundi stjórnar SSV.

Formaður lagði fram fundargerð frá 120. fundi stjórnar SSV til staðfestingar.

### 2. Almenningsgangur

Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna á rekstri almenningsgangna á rekstrarsvæði SSV eftir fyrstu tíu mánuði ársins. Jafnframt var lagt fram minnisblað um önnur verkefni sem unnið hefur verið að á vettvangi almenningsgangna.

Framkvæmdastjóri fór yfir stofnun félags fyrir rekstur almenningsgangna en óskað verður eftir áliti lögmanns um það mál. Einnig fór hann yfir vinnu við lagafrumvarp um fólksflutninga og hvernig gengur að tryggja einkaleyfi á akstursleiðum verkefnisins. Að lokum var farið yfir praktísk mál varðandi breytingar á tímatöflu sem verða skoðaðar áfram en ekki kemur til breytinga á tímatöflum nema að vori og hausti. Farið yfir útkomuspá sem gerir ráð fyrir því að reksturinn nái að skila fjármunum upp í taprekstur ársins 2012, en eftir standa 13,5 m.kr af tapi ársins 2012. Vonir standa til að rekstrarafgangur nái að greiða niður um 1/3 tapsins.

Að lokum fór framkvæmdastjóri yfir tekju- og gjaldaáætlun sem hefur verið greind mjög ítarlega niður á leiðir á svæðinu. Umrædd áætlun hefur verið notuð til framsetningar fyrir önnur landshlutasamtök.

### 3. Vesturlandsstofa

Lagt fram minnisblað frá forstöðumanni Vesturlandsstofu um þau verkefni sem efst eru á baugi hjá þeim þessar vikurnar, en þar kom m.a. fram að Dagur ferðaþjónustunnar verður haldinn 3. desember n.k í Borgarnesi.

Samkvæmt leiðsögubókaútgefandanum Lonely planet er Vesturland einn af áhuga-verðustu áfangastöðum heims 2016 í flokki landssvæða. Fulltrúi Vesturlandsstofu, Kristján Guðmundsson, tók við viðurkenningu í Lundúnum þann 1. nóv. sl.

Stjórn SSV óskar ferðaþjónustuaðilum á Vesturlandi til hamingju með þessa viðurkenningu.

#### 4. Málefni fatlaðra

Lagt fram minnisblað um málefni fatlaðra á Vesturlandi.

Rætt um fjárhagsforsendur verkefnisins, bæði fyrir árið 2015 og árið 2016. Stjórn bíður átekta eftir matsskýrslunni um hvernig tiltókst með yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og hvar hvað útgáfa skýrslunnar hefur dregist. Einnig lýsir stjórn yfir vonbrigðum með að fjárhagsforsendur fyrir árið 2016 liggi ekki fyrir ennþá. Samningur milli sveitarfélaga um þjónustusvæði málefna fatlaðra á Vesturlandi er runninn út og framkvæmdastjóra falið að kanna vilja sveitarfélaga með endurnýjun samningsins.

#### 5. Sóknaráætlun Vesturlands

Framlögð drög að verkefnalýsingum á áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands. Einnig var lagt fram minnisblað frá fundi stýrihóps stjórnarráðsins með landshlutasamtökunum um sóknaráætlun. Þá var rætt um tillögu að breytingu á samráðsvettvangi sóknaráætlunar. Samþykkt að fjölga fulltrúum samráðsvettvangs um átta fulltrúa. Þá telur vettvangurinn þrjátíu fulltrúa.

#### Áhersluverkefni – Sóknaráætlunar Vesturlands

- Fjölgun iðnnema á Vesturlandi
- Efling menntunar í ferða- og matvælaframleiðslu
- Stefnumótun í menningarmálum
- Efling ferðaþjónustu á Vesturlandi
- Stuðningur við nýsköpun í atvinnulífi á Vesturlandi.

Rætt var um einstakar tillögur og stöðunni á vinnu við þær.

#### 6. Starfsáætlun SSV fyrir árið 2016

Lögð fram tillaga að tímasetningu helstu verkefna í starfsáætlun SSV fyrir árið 2016. Tillagan var samþykkt.

#### 7. Samgönguáætlun

Lögð fram tillaga um að hafin verði vinna við samgönguáætlun Vesturlands. Tillagan er unnin í framhaldi af haustfundi SSV en þar varð mikil umræða um að gera sérstaka áætlun fyrir Vesturland og er þessi umræða í takti við Sóknaráætlun Vesturlands.

Rætt um stærð vinnuhóps og mismunandi áherslur innan Vesturlands og annarra svæða. Eftirfarandi tillaga var samþykkt:

*Stjórn SSV samþykkir að hefja vinnu við gerð samgönguáætlunar Vesturlands fyrir næstu tólf árin. Stofnaður verði sjö manna vinnuhópur sem leiði verk-*

*efnið, en starfsmenn SSV vinni með hópnum. Hópnum verði sett sérstakt erindisbréf sem hann vinnur eftir.*

## **8. Umhverfismál**

Lagt fram minnisblað frá Margréti Björk atvinnuráðgjafa hjá SSV um stöðuna á þjóðgarðinum á Snæfellsnesi í kjölfar umræðu sem varð á haustþingi SSV. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er undir Umhverfisstofnun og hefur því ekki sérstaka stjórn. Ljóst er að fjárframlög til þjóðgarðsins eru mun lægri en hjá öðrum þjóðgörðum á landinu. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að leita frekari upplýsinga í málinu.

## **9. Styrkbeiðnir til SSV**

Rætt um meðferð styrkbeiðna sem berast til SSV.

## **10. Umsagnir um þingframvörp**

Lagt fram yfirlit um lagfrumvörp sem send hafa verið SSV til umsagnar á haustþingi. Einnig var kynnt umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi lagafrumvarp Um tekjustofna sveitarfélaga mál 263.

Lögð fram umsögn um frv. til laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga 263. mál.

Lagt fram.

## **11. Framlögð mál**

### **a. Yfirlit yfir fundi og ráðstefnur sem framkvæmdastjóri hefur sótt.**

Framkvæmdastjóri fylgdi yfirlitinu úr hlaði.

### **b. Frásögn varaformanns frá fundi sveitarstjórnarvettvangs EFTA**

Rakel sagði frá fundi sveitarstjórnarvettvangs EFTA í Brussel dags. 16. – 18. nóvember. Rakel sagði frá þeim málefnum sem tekin voru fyrir. Hún flutti erindi um móttöku flóttafólks til Akraness en ítarlega var rætt um flóttamannavandamál sem eru áberandi málefni í heiminum í dag.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:15

HBJ